

Fundinn sátu:

Unnur Lilja Hermannsdóttir(formaður), Steinn Jóhannsson og Helga Jóhannsdóttir(ritari)

Mættir á TEAMS: Nína María Morávek (foreldraráð), Halldóra Björt Ewen (fulltrúi kennara), Margrét M. Norðdahl, Ragnar Guðmundson, Ásdís Þórólfsdóttir (fulltrúi kennara), Karl Sigurðsson og Ari Hallgrímsson forseti NFMH.

Forföll: Hildur Sverrisdóttir.

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Skólahaldið á haustönn og annarlok
2. Skipulag vorannar 2021
3. Fjárlög 2021
4. Hvernig ferðast MH í skólann? Farið yfir niðurstöður könnunar.
5. Önnur mál

....

1. Skólahald á haustönn og annarlok

- Öll kennsla hefur verið stafræn síðan 5.október fyrir utan sérnámsbrautina (sem hefur mætt alla önnina) og einstaka hópa eins og t.d. í efnafræði, myndlist, leiklist, ljósmyndun, þýsku og íslensku. Síðan 9. nóvember hafa Pre-IB nemar mætt í hús tvo daga í viku þar sem þau eru í bekkjarkerfi og aðrir nemendur í IB hafa mætt í nokkra tíma síðustu tvær vikurnar. Í bekkjarkerfi er engin blöndun nemendahópa og því mögulegt að fá þennan hóp í hús. Lokapróf þeirra verða í húsi en aðrir nemendur skólans taka rafræn heimapróf. Lífsleiknihópar nýnema komu allir í hús í síðustu vikuna og fengu rektor í heimsókn til að ræða stöðuna og hvað mætti gera betur. Náms- og starfsráðgjafi hitti einnig alla hópa til að fara yfir mikilvægt atriði er varða lokaprófin sem nemendur taka á tímabilinu 30. nóvember til 11. desember.
- 20.fundur með menntamálaráðherra er í vikunni og þar er farið yfir stöðuna hverju sinni. Til að kennsla geti verið í staðnámi í MH þá er það lykilatriði að leyfa blöndun milli hópa.
- 240 foreldrar mættu á rafrænan foreldrafund sem haldinn var 17. nóvember. Foreldrar sendu inn spurningar og þeim var svarað af rektor, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi. Fundargerð fundarins má finna á heimasíðu skólans undir foreldraráð.
- Allir, bæði kennarar, starfsfólk og nemendur eru orðnir langþreyttir á ástandinu og vilja ljúka þessari önn og vona að næsta önn verði betri og tekið verði tillit til þarfa áfangaskóla í þeim sóttvarnareglum sem munu gilda. Stjórnendur skólans hafa komið ábendingum á framfæri við menntamálayfirvöld og bent á að blöndun gekk vel upp í MH og var sóttvarnareglum fylgt strangt eftir. Í ljósi þessa ætti ekkert að koma í veg fyrir að við fáum að taka á móti nemendum 6. janúar. Úrsagnir úr áföngum hafa verið margar og er það ein leið sem nemendur hafa til að létta á álaginu í náminu. Úrsagnir úr námi eru ekki meiri en í venjulegu ári.
- Facebook-síðu skólans var hrósað og talað um að innlegg þar væru nákvæmlega eins og þau ættu að vera, þ.e. hvetjandi og höfða beint til MH-inga.

2. Skipulag vorannar 2021

- Ný stokkatafla vorannar er þannig að hún styðji við skipulag sem við vonumst eftir að verði að veruleika, þ.e. að kenna í staðnámi fyrir hádegi og stafrænni kennslu eftir hádegi. Hádegishlé er lengra en áður svo nemendur komist á milli skóla og heimilis ef kennslan er tvískipt. Ef við fáum að hafa nemendur meira í húsi þá getur hádegishléið nýst til að hafa uppákomur í félagslífinu, stoðtíma eða lífsleiknitíma fyrir nýnema haustsins.

3. Fjárlög 2021

- Skólinn er undir í ársnemendafjölda. Við erum að skila 1060 ársnemendum en ættum að skila 1100 og búumst við að framlag til skólans geti breyst í seinni umræðu fjárlaga.

4. Hvernig ferðast MH-ingar í skólann ?

- Gerð var könnun í október á líðan nemenda og í lok þeirrar könnunar var spurning um hvernig nemendur ferðast í skólann. Af 611 svörum sögðust 281 nota strætó og 226 kæmu á einkabíl.

5. Önnur mál

- Nýjar prófreglur varðandi heimapróf hafa verið settar á heimsíðuna. Einnig er verið að setja saman viðbót við skólareglurnar um stafrænar kennslustundir. Persónuverndarfulltrúi skólans er að vinna með stjórnendum að þessum reglum.

Næsti fundur miðvikudaginn 24.febrúar 2021

Ritari: Helga Jóhannsdóttir